

FERMING 2025  
Í GUÐRÍÐARKIRKJU





# FORSPIL

## INNGANGA FERMINGARBARNA

(Söfnuður stendur)

### SIGNING OG UPPHAFSBÆN

Allir: Í nafni Guðs † föður og sonar og heilags anda. Amen.  
Prestur fer með bæn

---

### SÁLMUR 551

e. KK (Kristján Kristjánsson)

1 Á hverjum degi, Drottinn minn, ég bið,  
:,: Drottinn minn, ég bið um kærleika og frið. :,:

2 Ég bið þig, Drottinn, bægðu myrkri frá,  
:,: bægðu myrkri frá svo blindir megi sjá. :,:

3 Ég þarf, Guð minn góður, þína hjálp,  
:,: Guð minn, þína hjálp að fást við lífið sjálft. :,:

4 Drottinn, leyf þú mér að lifa' í sátt,  
:,: leyf mér lifa' í sátt við menn og æðri mátt. :,:

---

### MISKUNNARBÆN

Prestur: Drottinn, miskunna þú oss. Söfnuður endurtekur

Prestur: Kristur, miskunna þú oss. Söfnuður endurtekur

Prestur: Drottinn, miskunna þú oss. Söfnuður endurtekur


### KOLLEKTA

Prestur: Drottinn sé með yður.

Svar: Og með þínum anda.

Prestur: Biðjum.....um aldir alda.

Svar: Amen





## GUÐSPJALL

(Söfnuður stendur)

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn.....  
Svar: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.  
*Prestur les guðspjallið sem endar á orðunum:*  
Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.  
Svar: Lof sé þér, Kristur.

(Söfnuður sest)

---

## SÁLMUR 596 e. Lucinda M. Beal Bateman– Bjarni Eyjólfsson

1 Fús ég, Jesú, fylgi þér fyrst að kall þitt hljómar mér. Eg vil glaður elska þig, þú átt að leiða mig. ∴ Fús ég fylgi þér, ∴ fús ég fylgi þér, já, hvert sem liggur leið.	2 Litlu auga' er leiðin myrk, litla fætur vantar styrk. Stundum þrýtur styrkur minn, mig styrki kraftur þinn. Fús ég fylgi þér ...	3 Síðar munu syndir hér sitja' í vegi fyrir mér. Hjarta mitt þó hugrótt er, ó, Herra', ef fylgi' ég þér. Fús ég fylgi þér ...
--	--	---

---

## FERMINGARRÆÐA- ÁVARPSORÐ TIL FERMINGARBARNA

### POSTULLEG TRÚARJÁTNING

(Söfnuður stendur)

Allir: Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar.  
Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottinn vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, pínur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða.  
Ég trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisu mannsins og eilíft líf. Amen.

(Söfnuður sest)

---

## FERMING HVATNING TIL SAFNAÐARINS



## SÁLMUR 360 e. Friðrik Friðriksson- Bjarni Þorsteinsson

1 Konungur lífsins kemur hér til sala,  
kveður til fylgdar börnin jarðardala,  
undan þeim fer hann, friðarmerkið ber hann,  
frelsari er hann.

2 Fermingarbarn, til fylgdar þig hann krefur,  
fegurstu kosti eilífs lífs hann gefur,  
sakleysið verndar, sorg í gleði breytir,  
sigurinn veitir.

3 Styrki þig Guð að velja veginn rétta,  
viskan og náðin sveig úr rósum flétta,  
undan þér fer hann, friðarmerkið ber hann,  
frelsari er hann.

## ALMENN KIRKJUBÆN

Prestur fer með bænir sem enda á orðunum..... Fyrir Jesú Krist Drottin vorn.  
Allir: Drottinn, heyr vora bæn.

## SYNDARJÁTNING - FRIDARKVEÐJA

Prestur: Játum syndir vorar og lifum í kærleika og sátt við alla menn.  
Allir: Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega  
syndað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið mig  
til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.

Prestur veitir aflausn.

Prestur: Friður Drottins sé með yður.  
Allir: Og með þínum anda.

## SÁLMUR 478 e. Eygló Eyjólfsdóttir- Gifford J. Mitchell

1 Í dagsins dýrðarmynd  
er dimmblá fjallalind,  
minn hugur leitar í hæðir til þín  
í dagsins dýrðarmynd.

2 Er sumarsólin skín  
og sýnir verkin þín  
þá þakkar allt sem andar og grær  
er sumarsólin skín.

3 Ég lofa land og haf,  
það líf sem Guð mér gaf,  
í vorsins yl og vetrarins byl  
ég lofa land og haf.

4 Sem barn með bæn í sál  
ég bind þá ósk í mál  
að allur heimur finni þinn frið  
sem barn með bæn í sál.

5 Þín gleðin hlý og góð  
mér gefi falleg ljóð  
sem vitni öll um einlæga trú,  
þín gleðin hlý og góð.

## ÞAKKARGJÖRÐIN- HEILAGUR

(Söfnuður stendur)

Prestur: Drottinn sé með yður.  
Allir: Og með þínum anda.  
Prestur: Lyftum hjörtum vorum til himins.



Allir: Vér hefjum þau til Drottins.

Prestur: Látum oss þakka Drottni Guði vorum.

Allir: Það er maklegt og réttvíst.

Prestur fer með bæn sem endar á orðunum: óaflátanlega segjandi.

Allir: Heilagur, heilagur, heilagur ert þú Drottinn, Guð allsherjar.

Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni. Hósianna í upphæðum.

Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins. Hósianna í upphæðum.

(Söfnuður sest)

## ÞAKKARBÆN- INNSETNINGARORÐ- FAÐIR VOR

Faðir vor, þú sem ert á himnum.

Helgist þitt nafn,

til komi þitt ríki,

verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.

Gef oss í dag vort daglegt brauð.

Fyrirgef oss vorar skuldir

svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum.

Og eigi leið þú oss í freistni heldur frelsa oss frá illu.

Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu, amen.

## SÁLMUR 310 Frá fornkirkjunni

∴ Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd,  
miskunna þú oss! ∴

Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd,  
gef oss þinn frið! Amen.

## BERGING- BÆN- BLESSUN

Brauðið er lagt í hönd ykkar og því dýft í vínið. Allir velkomnir til altaris. Messuvínið er áfengislaust.

Prestur fer með bæn eftir bergingu sem endar á orðunum .... um aldir alda.

Svar: Amen

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann

Allir: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð

(Söfnuður stendur)

Prestur: Drottinn blessi þig.....og gefi þér frið.

Allir: Amen, Amen, Amen

(Söfnuður sest)




## SÁLMUR 242

e. Bjarni Stefán Konráðsson( v.1) og Gunnar Rögnvaldsson (v.2)

1 Megi gæfan þig geyma,  
megi Guð þér færa sigurlag,  
megi sól lýsa þína leið,  
megi ljós þitt skína sérhvern dag.  
Og bænar bið ég þér,  
að ávallt geymi  
þig Guð í hendi sér.

2 Geymdu bernskunnar bænir,  
geymdu barnsins einlægni og trú.  
Geymdu ást umhyggju og von.  
Geymdu allt sem vekur gleði nú.  
Og bænar bið ég þér,  
að ávallt geymi  
þig Guð í hendi sér.

## MYNDATAKA- EFTIRSPIL-ÚTGANGA FERMINGARBARNA



*Ágætu fermingarbörn*

*Innilega til hamingju með daginn og þá ákvörðun að  
staðfesta skírnina og vera áfram staðfastir*

*lærisveinar Jesú Krists.*

*Guð blessi framtíð ykkar.*